

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

17. fundur stjórnar starfstímabilið 2011-2013
Haldinn 11. mars 2013 í félagsaðstöðu Siglingaklúbbsins Þyts.

Mættir: Elísabet Ólafsdóttir framkv.stj., Hrafnkell Marinósson formaður, Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir (Haukar), Stefán Kristófersson (Fjörður), Atli Már Sigurðsson (DÍH), Ragnar Hilmarrson (Þytur), Kristín Pétursdóttir (SH), Þórarinn Sófússon (GSE), Viðar Halldórsson (FH), Írena Óskarsdóttir (BH), Ólafur Tryggvi Gíslason (HFH), Anders Már Þráinsson (SÍH) og Þór Ólafsson (Björk). Forföll: Kristján Geir Mathiesen (AÍH), Arnar Geirsson (Bjartur), Bergsteinn Hjörleifsson (Keilir), Sigurður Ævarsson (Sörli), Sigurjón Andersen (KK), og Ingvar Kristinsson (Björk).

1. Lottógreiðslur til aðildarfélaga ÍBH ágúst 2012 – janúar 2013

Lagðar fram til kynningar og samþykktar.

2. Bréf til samtakana Blátt áfram 20. febrúar 2013 frá ÍBH og forvarnarfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar

ÍBH og forvarnarfulltrúi Hafnarfjarðar rituðu samtökunum Blátt áfram bréf þar sem komið er inn á nauðsyn og mikilvægi þess að þeir sem vinna með börnum og unglingum í íþróttastarfi í Hafnarfirði sækji námskeiðið „Verndari barna“ eða forvarnarfræðslu erindi sem Blátt áfram sér um. Kostnaður við hvern sem tekur þátt í slíku námskeiði er um kr. 2500 – 3000 vegna erlendra leyfisgjalda og vinnubókar. Með bréfinu vill ÍBH og Hafnarfjarðarbær aðstoða samtökin Blátt áfram til að leita til félagasamtaka í bænum eftir fjárstuðningi við námskeiðahaldið.

3. Úthlutun úr Ferðasjóði íþróttafélaga vegna keppnisferða ársins 2012

Samtals var úthlutað 61,7 milljónum króna. Heildarkostnaður umsókna var tæplega 416 milljónir króna. Sjóðnum bárust 117 umsóknir frá íþrótt- og ungmennafélögum úr 21 íþróttahéraði vegna u.þ.b. 3200 keppnisferða í 24 íþróttagreinum. ÍSÍ er búið að skilgreina í samvinnu við sérsamböndin hvaða ferðir eru styrkhæfar inn í umsóknargátt á vefsíðu sinni. Umsóknargáttin er opnuð í desember ár hvert og lokar um 10. janúar. Aðildarfélög ÍBH fengu kr. 1.497.085 sem skiptust milli félaganna eftir umsóknum þeirra. FH kr. 259.334. Haukar kr. 1.194.259. Hestamannafélagið Sörli kr. 6.466. Íþróttafélagið Fjörður kr. 15.492. Badmintonfélag Hafnarfjarðar kr. 21.534.

4. Launakerfi fyrir íslenskt afreksíþróttafólk

Greinin „Útilokar ekki launakerfi fyrir íslenskt afreksíþróttafólk“ sem birtist á visir.is 23. febrúar 2013 lögð fram til kynningar og umræðna.

5. Fyrirlestur Tomasar Peterson 18. febrúar í Íþróttamiðstöðinni Laugardal um rannsóknir á getu- og aldurstengdum árangri unglunga

Umræður um fyrirlesturinn og bent á glærur og annað fræðsluefni tengdu fyrirlesturinum sem birtist á heimasíðu ÍSÍ, www.isi.is, fræðsla, hádegisfundir.

6. Ársreikningar, féлага- og iðkendatal aðildarfélaga ÍBH starfsárið 2011 samkvæmt starfsskýrslum ÍSÍ 2012

Skýrslan kynnt og dreift til aðildarfélaganna. VH fulltrúi FH gerði athugasemd við dálkinn staða í ársreikningunum. Er það skoðun VH að dálkurinn hafi engann tilgang og sé óþarfur.

7. Gögn sem ÍBH hefur borist:

- a). Bréf frá Fimleikasambandi Íslands um Fimleikaþing laugardaginn 4. maí nk í ráðstefnusölum ÍSÍ Laugardal.
- b). Bréf frá ÍSÍ þar sem auglýst er eftir tveimur þátttakendum, konu og karli, á námskeið ungs íþróttafólks (20-35 ára) sem er á vegum alþjóða Ólympíuakademiunnar í Ólympíu í Grikklandi dagana 11. til 25. júní nk.
- c). Bréf frá ÍSÍ um framboð til framkvæmdastjórnar ÍSÍ.
- d). Bréf frá Íþróttasambandi fatlaðra um Sambandsþing ÍF ásamt gögnum og dagskrá þingsins. Þingið fer fram 8. og 9. mars 2013 í Reykjavík.

8. Önnur mál

Enginn.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 19.25

Fundarritari Elísabet Ólafsdóttir